Sameiginleg yfirlýsing WENRA, HERCA og NORA um möguleg áhrif á kjarnöryggi af völdum árása Rússa á úkraínska orkuinnviði

Dagsetning: 16. nóvember 2026

Saman lýsum við, **Samtök kjarnorkueftirlitsstofnana í Vestur-Evrópu** (WENRA), **yfirmenn evrópskra geislavarnastofnana** (HERCA) og **yfirmenn norrænna geislavarna- og kjarnöryggisstjórnvalda** (NORA), djúpum áhyggjum okkar af vaxandi áhættu sem steðjar að kjarnöryggi vegna stríðs Rússlands gegn Úkraínu og viðvarandi árása á orkuinnviði Úkraínu.

Þessar árásir bæta enn á þær alvarlegu afleiðingar sem úkraínskt samfélag hefur þegar orðið fyrir vegna síendurtekinna truflana á raforkuinnviðum landsins, auk verulegra harðinda og þjáninga sem stríðið hefur valdið íbúum landsins.

Forkastanlegar og viðvarandi árásir Rússa á raforkukerfi og dreifistöðvar hafa valdið langvarandi og víðtæku rafmagnsleysi frá upphafi stríðs og gera enn. Árásirnar grafa þannig undan þeim innviðum sem nauðsynlegir eru til að viðhalda kjarnöryggi. Þar sem árásir Rússa á mikilvæga innviði Úkraínu virðast verða sífellt hættulegri, meðal annars vegna notkunar skaðlegri vopna, er vaxandi hætta á að ástandið versni enn frekar. Það gæti leitt til algers hruns á raforkukerfi landsins með alvarlegum afleiðingum fyrir kjarnöryggi.

Mjög erfitt gæti reynst að endurreisa raforkukerfið, sem myndi framlengja þá óásættanlegu áhættu fyrir kjarnöryggi sem hlotist hefur af óréttlætanlegum og ábyrgðarlausum aðgerðum Rússa.

Skert kjarnöryggi gæti að lokum leitt til atburða sem hefðu í för með sér losun geislavirkra efna, sem gæti haft áhrif á fólk og umhverfi um alla Úkraínu og mögulega út fyrir landamæri þess (sjá yfirlýsingu HERCA-WENRA frá 2022).

WENRA, HERCA og NORA telja því brýna þörf á að Rússland láti af árásum á kjarnorkumannvirki Úkraínu og almenna orkuinnviði sem eru nauðsynlegir fyrir örugga starfsemi kjarnorkuvera.

Saman erum við staðráðin í að fylgjast náið með ástandi mála í Úkraínu og efla enn frekar viðbúnað, viðbragðsgetu og samvinnu milli landa í Evrópu til að takast á við núverandi aðstæður og ógnir. Jafnframt höldum við áfram að styðja við úkraínsku kjarnorkueftirlitsstofnunina, SNRIU, með þekkingu okkar og sérfræðikunnáttu.